

# GJALDSKRÁ

## Þjóðskrár Íslands.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Öll afhending, miðlun og notkun upplýsinga úr skráum Þjóðskrár Íslands er leyfisskyld og háð samþykki stofnunarinnar.

### II. KAFLI

#### Gjald fyrir upplýsingar úr þjóðskrá.

#### 2. gr.

##### Samsetning gjalds.

Auk gjalds fyrir aðgang að upplýsingum skv. 3. gr. skal greiða einingaverð og árgjald eftir því sem við á, sbr. 4. og 6. gr.

#### 3. gr.

##### Aðgangur að upplýsingum úr þjóðskrá.

Greiða skal árgjald fyrir afhendingu upplýsinga úr þjóðskrá:

	Gjald fyrir starfsstöð, kr.	Gjald fyrir útibú, kr.
<strong>I. Grunnskrá þjóðskrár:</strong>		
Grunnskrá	151.000	39.000
Grunnskrá með viðbótarupplýsingum A	182.000	39.000
Grunnskrá með viðbótarupplýsingum B	303.000	39.000
<strong>II. Aðrar skrár þjóðskrár:</strong>		
Horfínnaskrá 1	38.600	34.700
Horfínnaskrá 2	57.800	34.700
Horfínnaskrá 3	143.900	34.700
Kerfiskennitöluskrá 1	19.500	9.900
Kerfiskennitöluskrá 2	32.700	9.900

Grunngjald er greitt fyrir aðalstarfsstöð og auk þess útibúsgjald fyrir hverja starfsstöð sé notandi með fleiri starfsstöðvar. Aðili sem er með rekstur innan skilgreindrar starfsstöðvar á annarri kennitölu en þeirrar starfsstöðvar skal greiða útibúsgjald.

#### 4. gr.

##### Aðgangur að upplýsingum úr þjóðskrá í vefþjónustu eða uppflattikerfum.

Gjald fyrir aðgang að upplýsingum úr þjóðskrá í lokuðu uppflattikerfi, vefþjónustu, vefgátt, eða sambærilegu viðmóti er sem hér segir:

Einingaverð er samkvæmt 6. gr.

Mánaðarlegt þjónustugjald

kr. 5.300

Stofngjald vefþjónustu

kr. 88.900

#### 5. gr.

##### Úrtök og vinnslur úr þjóðskrá.

Vinnsla úrtaks úr þjóðskrá er háð leyfi Þjóðskrár Íslands. Gjald fyrir rafræn afnot af nafnaskrá þjóðskrár til vinnslu úrtaksgagna og til póstdreifingar er sem hér segir:

Afsláttur er veittur eftir stærð úrtaks og reiknast þegar tiltekinni stærð úrtaks er náð, sbr. eftirfarandi töflu, en ekki er greitt einingaverð fyrir fleiri en 100.000 einstaklinga.

	Upphafsgjald, kr.	Grunnskrá, kr.	Viðbót A, kr.
Upphafsgjald (innifalið allt að 500 nöfn)	14.400		
Einingaverð 501 - 10.000		12,5	18,0
Einingaverð 10.001 - 30.000		7,0	10,5
Einingaverð 30.001 - 50.000		5,5	8,5
Einingaverð 50.001 - 100.000		4,5	7,0

## 6. gr.

*Einingaverð fyrir upplýsingar.*

Einingaverð fyrir upplýsingar úr Þjóðskrá er sem hér segir:

Einingaverð fyrir upplýsingar úr grunnskrá	kr.	13
Einingaverð fyrir upplýsingar úr grunnskrá ásamt viðbótarupplýsingum A	kr.	18
Einingaverð fyrir upplýsingar úr grunnskrá ásamt viðbótarupplýsingum B	kr.	23
Einingaverð fyrir upplýsingar úr horfinnaskrá	kr.	18
Einingaverð fyrir upplýsingar úr kerfiskennitöluskrá	kr.	18
Einingaverð fyrir staka uppflettingu forsjáruupplýsinga	kr.	24
Einingaverð fyrir staka uppflettingu um vensl einstaklinga	kr.	24

## III. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 7. gr.

*Sérvinnslur.*

Gjald fyrir sérvinnslur úr skrá þjóðskrár Íslands er sem hér segir:

Einingaverð upplýsinga úr þjóðskrá samkvæmt II. kafla.

Byrjunargjald sérvinnslu (innifalin 2 klst. vinna sérfræðings) kr. 52.000

Vinna umfram 2 klst. er greidd samkvæmt 8. gr.

Sé óskað eftir endurteknum sérvinnslum skal gera um það skriflegan samning við stofnunina þar sem fjöldi afhendinga á 12 mánaða tímabili er ákveðinn. Afsláttur er veittur eftir fjölda afhendinga á tímabilinu sem hér segir en greitt er fyrir hverja afhendingu.

Fjöldi afhendinga á almanaksári	Afsláttur af reiknuðu gjaldi afhendingar
1 afhending á ári	100% gjald fyrir 1. afhendingu
2-4 afhendingar á ári	25% afsláttur af gjaldi fyrir 2.-4. afhendingu
Fleiri en 5 afhendingar	50% afsláttur af gjaldi fyrir afhendingar umfram 5

## 8. gr.

*Tímavinna.*

Tímagjald almenns starfsmanns pr. klst. kr. 12.600

Tímagjald sérfræðings pr. klst. kr. 18.400

Fyrir útkall eftir almennan opnunartíma er innheimt að lágmarki 4 tímar á taxta almenns starfsmanns.

## 9. gr.

*Vottorð, uppfletting og ljósrit.*

Gjald fyrir vottorð, uppflettingu í skrá, ljósrit o.fl. er sem hér segir:

Vottorð sem krefjast sérvinnslu:

Tímagjald samkvæmt 7. og 8. gr.

Vottorð úr þjóðskrá kr. 3.100

Söguvottorð úr þjóðskrá kr. 12.000

Stök uppfletting í þjóðskrá kr. 810

Ljósrit pr. bls. kr. 22

Staðfest ljósrit úr skrá kr. 810

## 10. gr.

*Skilríki.*

Nafnskírteini, 18-66 ára	kr.	9.200
Nafnskírteini, börn, aldraðir, öryrkjar	kr.	4.600
Hraðafgreiðsla nafnskírteina, 18-66 ára	kr.	18.400
Hraðafgreiðsla nafnskírteina, börn, aldraðir, öryrkjar	kr.	9.200

## 11. gr.

*Miðlun upplýsinga úr skráum Þjóðskrár Íslands.*

Miðlun upplýsinga úr skráum Þjóðskrár Íslands er óheimil nema fyrir liggja samningur um miðlun. Með miðlun upplýsinga er átt við miðlun til þriðja aðila hvort sem hún fer fram gegn gjaldi (endursala) eða ekki. Auk árgjalds er greitt fyrir upplýsingarnar samkvæmt II. og III. kafla eftir því sem við á.

Árgjald miðlara kr. 441.000

## 12. gr.

*Vinnsla með persónuupplýsingar úr skráum Þjóðskrár Íslands.*

Vinnsla með persónuupplýsingar úr skráum Þjóðskrár Íslands fyrir hönd þriðja aðila er óheimil nema fyrir liggja samningur um slíka vinnslu. Átt er við hvers kyns tölfræðivinnslu, úrtaksvinnslu eða aðra vinnslu fyrir þriðja aðila hvort sem hún fer fram gegn gjaldi (endursala) eða ekki. Auk árgjalds er greitt fyrir upplýsingarnar samkvæmt II. og III. kafla eftir því sem við á.

Árgjald vinnsluaðila kr. 63.000

## 13. gr.

*Undanþágur frá gjaldskrá.*

Þjóðskrá Íslands er heimilt að veita eftirtöldum aðilum afslátt eða undanþágur frá gjaldtöku:

- Námsmönnum sem upplýsingar þurfa vegna verkefna í þágu náms.
- Opinberum aðilum sem halda skrár á landsvísu og upplýsingar eða vinnsla er hluti af gagnkvæmum upplýsingasamskiptum.
- Fjölmiðlum ef upplýsingar varða heildarfjölda eða summutölur úr skráum.
- Skráningaraðilum sem annast skráningu í skrár Þjóðskrár Íslands.

## 14. gr.

*Lagaheimild og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 5. gr. laga um Þjóðskrár Íslands, nr. 70/2018, 1. mgr. 19. gr. laga um skráningu einstaklinga nr. 140/2019 og laga um nafnskírteini nr. 55/2023, tekur gildi 1. janúar 2025. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1430/2023 um sama efni.

*Innviðaráðuneytinu, 26. nóvember 2024.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Ingilín Kristmannsdóttir.*